

Stjórnarfundur Félags hrossabænda
haldinn í Bændahöllinni 19.06.2013 kl. 13:30

Mætt voru Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Ólafur Einarsson meðstjórnandi gat ekki sótt fundinn vegna veikinda, en tók þátt í fundarstörfum í gegnum síma.

Kristinn setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

Hulda fór yfir **undirbúning vegna HM í Berlín og Hestatorgs**. Undirbúningur gengur vel, aðalsamstarfsaðilar að verkefninu eru FHB, LH/LM og WorldFengur. Torgið verður 75fm inni í 300 fm íslensku tjaldi, en Íslandsstofa heldur utan um þátttöku íslensku fyrirtækjanna. Lögð verður áhersla á að kynna landsmót á næsta ári, upprunaættbókina WorldFeng og íslenska hrossarækt, reiðmennsku og hrossauppleði með áherslu á tengingu við náttúru, víðerni og frjálsræði íslenska stóðsins.

Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ kom til fundar. Málafni og rekstrarstaða LM ehf rædd. Einnig rætt um styrkbeiðni v/ listasýningarinnar Tölt í Berlín sem BÍ barst og Sindri hefur sent stjórn FHB líka. Stjórn mun ræða málið áfram. Þá var rætt um opið bréf til fagráðs í hrossarækt í kjölfar upptöku á kynbótasýningu á Selfossi í vor.

Til fundar komu Hrafnkell Guðnason og Rúnar Þór Guðbrandsson að kynna verkefnið **Icelandic Horse Expo**, sem snýr að viðburðaviku fyrir hestamenn sem markaðssett yrði erlendis. Opin hús, sýnikennslur, reiðhallarsýningar, ístölt og fleira slíkt. Hugmyndin er að selja tilbúna pakka fyrir hesta/ferðamenn. Velta fyrir sér hvort og þá hvernig FHB gæti komið að verkefninu og hvort félagið er tilbúið til að styrkja það í upphafi? Stjórn mun kynna sér verkefnið og fara yfir formlega styrkumsókn þegar hún berst.

Innsend erindi tekin fyrir:

Frá Helgu Thoroddsen varðandi gerð farandverðlaunagrips fyrir hæstu einkunn á efsta stigi **Knapamerkjanna**. Sótt er um styrk til LH, FT og FHB upp á kr. 60.000 til hvers félags. Samþykkt.

Frá **WorldFeng** varðandi styrki til áframhaldandi þróunar gagnagrunnsins og vegna rafræns skráningarkerfis á kynbótasýningar. Stjórn tók vel í erindið og Huldu og Kristni falið að fylgja málinu eftir með Jóni Baldri Lorange frá WorldFeng.

Styrkbeiðni frá hrossaræktarbúinu Efri-Rauðalæk vegna **ræktunbússýningar á HM í Berlín**. Stjórnarmenn sammála um markaðslegt gildi þess að hafa íslenska fulltrúa í sýningu ræktunarbúa á HM en þar hafa 11 bú víðsvegar úr Evrópu verið valin til þátttöku. Efri-Rauðalækur er eina búíð sem valið hefur verið frá Íslandi. Þátttökunni fylgir mikill kostnaður og samþykkti stjórn að styrkja verkefnið um kr. 150.000.

Listasýningin „**Tölt**“ í Berlín – samþykkt 100.000 kr framlag til viðbótar við framlag BÍ.

Opið bréf til fagráðs rætt. Farið yfir bréfið lið fyrir lið og stjórnarmenn einróma um að fagráði beri að funda og taka bréfið fyrir.

Farið yfir stöðu mála hvað **rannsóknir á sumarexemi** varðar. Hulda lagði fram samantekt frá Sigurbjörgu Þorsteinsdóttur á Keldum og verður sá texti jafnframt birtur á heimasíðu FHB. Rannsóknunum miðar áfram,

nú er komið að samanburðarrannsóknum á útfluttum hrossahópum og því viðamikill hluti verkefnisins framundan.

Stuttlega rætt um **nefnd félagsins um kynbótasýningar og áverka**. Sigbjörn sagði stefnt að því að taka saman skýrslu nefndarinnar fyrir haustið og skila til stjórnar og svo þaðan til aðalfundar.

Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.

HGG/hgg